

Sigurjón Ólafsson (1908 – 1982) ólst upp á Eyrarbakka en fluttist til Reykjavíkur eftir fermingu og hóf nám hjá tveimur helstu listamönnum samtímans, þeim Ásgrími Jónssyni og Einari Jónssyni. Jafnhliða þessu lærði hann málaraiðn og haustið 1928 fór hinn tvítugi málarasveinn til Kaupmannahafnar og hóf nám við höggmyndadeild Konunglegu Listakademiunnar.

Allt frá fyrstu tilraunum Sigurjóns í höggmyndalistinni lagði hann rækt við mannamyndir eða portrett, og hélt hann því áfram við Listaháskólann í Höfn, þótt nemendum í því akademíska námi væri fyrst og fremst uppálagt að móta stytur í leir eftir klassískum afsteypum grískra og egypskra stórverka. Síðan fengu listnemar að spreyta sig á að móta eftir lifandi módelum, en gerð portrettmynda var ekki kennd. Eftir fárra ára nám þar ytra fóru menn að panta andlitsmyndir hjá Sigurjóni, og ber þar hæst portrett hans af Jóni Krabbe sendiráðsfulltrúa frá 1934, sem hann vann fyrir ríkisstjórn dana. Frá þeim tíma er einnig portrett (Kroppinbakur) af bækludum manni, en í þessu framúrskarandi verki lýsir listamaðurinn brot-hættri persónu af næmum og djúpum skilningi. Mynd Sigurjóns af móður sinni, sem hann gerði á einum degi árið 1938, er þegar orðin klassískt verk og með því var Sigurjóni skipaður sess meðal helstu portrettlistamanna samtímans.

Þegar á árunum 1934–35, áður en hann útskrifaðist frá Listaháskólanum, hóf Sigurjón óhlutbundnar formtilraunir í stórum verkum úr leir, tré og steini og í þeim gætti helstu liststrauma og nýja-brums samtímans. Mörg þessara verka urðu eftir í Danmörku, nokkur eru varðveitt á söfnum ytra, önnur eru á opinberum vettvangi eins og granítmyndirnar í Vejle og enn önnur glötuðust. Í Listasafni Sigurjóns eru varðveitt verk úr ólíkum efnum frá öllum helstu tímabilum í list hans.

Á þessa sýningu eru annars vegar valdar myndir sem lýsa ólíkum persónuleikum og hins vegar afstrakt verk, sem sprottin eru úr þeim jarðvegi þar sem trúnaður við hlutföll mannlíkamans er ríkjandi.

Andlitsmyndir og afstraksjónir

Sýning í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

5. október 2002 – 30. mars 2003
1. júní – 31. ágúst 2003

- | | | | |
|----|---|----|--|
| 1 | Guðmundur Thoroddsen yfirlæknir
1947 LSÓ 248 | 15 | Móðir mín / My Mother
1938 LSÓ 007 |
| 2 | Sköpun / Creation
1988 (1976) LSÓ 072 | 16 | Kroppinbakur / The Cripple
1934 LSÓ 003 |
| 3 | Reifabarn / Infant
1955 LSÓ1137 | 17 | Húsgoð / Housegod
1979 LSÓ 106 |
| 4 | Þrá / Desire
ca 1940 LSÓ 234 | 18 | Ragnar í Smára
1964 LSÓ 186 |
| 5 | Elsemarie Christensen
1936 LSÓ 200 | 19 | Flautuleikarinn frá Balí / The Flutist from Bali
1979 LSÓ 111 |
| 6 | Séra Friðrik Friðriksson
1952 LSÓ 1121 | 20 | Kristján Eldjárn
1978 LSÓ 221 |
| 7 | Ekkjan / The Widow
1946 LSÓ 198 | 21 | Köttur II / A Cat II
1982 LSÓ 142 |
| 8 | Fjallkonan / Queen of the Mountains
1947 LSÓ 010 | 22 | Birgitta Spur
1950 LSÓ 017 |
| 9 | Í kör / Bedridden
1980 LSÓ 123 | 23 | Astrid Cappelen
1963 LSÓ 190 |
| 10 | Ásgrímur Jónsson
1947 LSÓ 1089 | 24 | Maður og kona / Man and Woman
1976 LSÓ 071 |
| 11 | Fótboltamenn / Football Players
1936 LSÓ 247 | 25 | Forsetinn / The President
1980 LSÓ 118 |
| 12 | Minnisvarði um köttinn Loka / In the Memory of the Cat Loki
1979 LSÓ 100 | 26 | Svava Ágústsdóttir
1964 LSÓ 033 |
| 13 | Börn að leik / Children at Play
1938 LSÓ 206 | 27 | Auður Einarsdóttir
1964 LSÓ 175 |
| 14 | Skrige-Poul / A Danish Sailor
1952 LSÓ 020 | | |